# BLAÐIÐ

10.árg. júní 1988 1.tbl.

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

VELA, FELLSÁS 7, 270 MOSFELLSBÆ, s: 666110
Opið kl. 9-12 þriðjudaga og fimmtudaga

Umboðsmenn á Íslandi fyrir Sænsku rafmagnsstólana frá PERMOBIL.
Framleiddir af Saab-Scania í Svíþjóð

# permobil

## Min-IOR



## Super-IOR

Det mesta av det bästa.



Min - IOR




**Tabell: Sitsmått**

h = höjd från sitsens djupaste punkt
b = bredd 20 cm
d = sitsens djup
r = radius vid 45°
v = ryggstödsvinkel

| Sits | h | b | d | r | v |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 29 | 33 | 26 | 3 | 7° |
| 3 | 54 | 39 | 34 | 4 | 8° |
| 4 | 29 | 34 | 33 | 3 | 5° |
| 7 | 54 | 38 | 38 | 4 | 8° |
| 8 | 54 | 34 | 33 | 4 | 5° |
| 11 | 54 | 37 | 44 | 5 | 8° |
| 12 | 54 | 33 | 24 | 3 | 8° |

Min - IOR

| | |
|---|---|
| Längd | 106 cm |
| Bredd | 56 cm |
| Höjd | 109 cm |
| Minsta transportlängd | 96 cm |
| Minsta transporthöjd | 76 cm |
| Vikt | 115 kg |
| Hjuldimension fram/bak | 14" × 3.00 / 200 × 50 |
| Batterikapacitet | 2 × 75 Ah |
| Laddningstid | 12 timmar |
| Vändutrymme 180° | 112 cm |
| Max hastighet | 6 km/tim |

| | |
|---|---|
| Körsträcka | 25 km |
| Backtagningsförmåga | 11° |
| Hindertagningsförmåga | 7 cm |
| Sitshöjd | 42—60 cm |
| Sitsdjup | 38 cm |
| Sitsbredd | 38 cm |
| Sitslutning | 3° |
| Ryggstödslutning | 8° |
| Benstödslängd | 15—45 cm |
| Benstödsvinkel | 100° |

PRENTUN: Stensill hf.
Nóatúni 17, 105 Reykjavík

RITNEFND: Elín Hannesdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Lilja Ingvarsson
Sigrún Garðarsdóttir

Efni: ENDURHÆFING......,
HVAÐ SVO ?

STJÓRN IÍ: Hope Knútsson formaður
Rannveig Baldursd. varaformaður
Sigríður Hermannsd. gjaldkeri
Sigrún Garðarsdóttir ritari
Valrós Sigurbjörnsd. stj.meðlimur
Unnur Alfreðdsóttir varamaður
Ingibjörg Jónsdóttir varamaður

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 8845
128 Reykjavík

EFNISYFIRLIT:

Húsnæðismöguleikar hreyfihamlaðra að lokinni endurhæfingu.............bls. 4

Hjálpartæki og húsnæðisbreytingar fyrir fatlaða og aldraða............ " 7

Hvað verður um sjúklinga með geðræn vandamál eftir sjúkrahúsvist....... " 10

Starfsþjálfun í Örva, Kópavogi.................................... " 16

Yfirlit um starfsemi vinnumiðlunar fyrir fatlaða,
Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar.................................. " 22

Dagvistun Sjálfsbjargar........................................... " 24

Nordisk Nyt....................................................... " 27

Fréttir........................................................... " 33

Lausar stöður..................................................... " 35

Félagalisti....................................................... " 38

Guðrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi

# HÚSNÆÐISMÖGULEIKAR HREYFIHAMLAÐRA AÐ LOKINNI ENDURHÆFINGU

Þegar taka skal til athugunar þau úrræði sem til staðar eru í húsnæðismálum hreyfihamlaðra, verður að segjast eins og er, að þar er ekki um auðugan garð að gresja. Hins vegar hafa verið miklar umræður í gangi um þennan málaflokk hjá öllum félögum fatlaðra og er nærtækast að skýra frá samstarfi milli 8 samtaka um þessi mál. Hópurinn nefnist "ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ", og hefur hann staðið að ráðstefnuhaldi svo og gefið út bækling um þær hugmyndir sem þau hafa sett á oddinn. Þennan bækling er hægt að nálgast m.a. hjá Öryrkjabandalagi Íslands og Sjálfsbjörg lsf.

En hvaða valkostir eru til staðar og hvernig á fólk að bera sig að við að komast í húsnæði að endurhæfingu lokinni? Þau úrræði sem ég bendi á eru einskorðuð við Reykjavíkursvæðið.

Í lögum um málefni fatlaðra gefst möguleiki á því að sækja um sambýli fyrir þá sem telja þann kost henta sér. Það hefur hinsvegar orðið raunin, án þess að þannig hafi hlutirnir verið hugsaðir í upphafi, að nær engir hreyfihamlaðir búa á sambýlum á höfuðborgarsvæðinu. Þróunin hefur orðið sú að sambýli eru einkum fyrir þá sem búa við andlega fötlun (vangefni, geðræn vandamál). Einhvers staðar í þessari þróun hefur ekki verið stuðlað að því að hreyfihamlaðir sæktu um sambýli, eða þeir ekki talið að það væri eitthvað fyrir þá.

Hins vegar ráðlegg ég eindregið, að ef það sambýlisform hentar fólki, að sækja um slíkt. Með því er einnig hægt að sýna fram á þörfina fyrir sambýli hreyfihamlaðra, því eins og við vitum, þá þarf marga sérhönnun við slíkt húsnæði.

Umsóknir skal senda til:

SVÆÐISSTJÓRN UM MÁLEFNI FATLAÐRA
Hátúni 10,
105, Reykjavík

Hvað aðra möguleika varðar þá hefur ÖBÍ, Hátúni 10, til umráða eina íbúð við Flyðrugranda. Þessi íbúð er fyrst og fremst hugsuð sem endurhæfingaríbúð fyrir hreyfihamlaða, og er hún sérhönnuð með tilliti til þessa. Þeir sem flytja inn í húsnæði af þessu tagi, þurfa síðan í flestum tilfellum að sækja um heimilishjálp og heimahjúkrun, ef svo ber undir og að sjálfsögðu eftir eðli fötlunarinnar.

Einnig hefur ÖBÍ til umráða húsnæði í Hátúni 10. Að vísu er ekki mikið um það að þar búi hreyfihamlaðir, en húsnæðið sem slíkt ætti að henta hreyfihömluðum ágætlega. Ef fólk þarf aðstoðar við, þá þarf hér einnig að sækja um heimilishjálp og heimahjúkrun.

Umsóknir um íbúðir á vegum ÖBÍ skal senda til:

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS
Hátún 10
105 Reykjavík.
Upplýsingar eru einnig gefnar í síma 91-26700

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra er það félag fatlaðra, sem byggt hefur húsnæði sem fyrst og fremst miðast við þarfir hreyfihamlaðra. Hér er um að ræða húsnæði

í Hátúni 12, Reykjavík. Þar er um tvennskonar húsnæði að ræða:

a) Vinnu og dvalarheimili, með plássi fyrir 45 einstaklinga og er hér um að ræða eins manns herbergi. Vinnu og dvalarheimilið miðast við að þar búi mikið fatlað fólk. Hjúkrunar og læknisþjónusta er á heimilinu. Talsvert er um það að fólk vinni utan heimilisins. Umsækendur á aldrinum 16-60 ára hafa forgang.

Umsóknum á Vinnu og dvalarheimilið skal senda til:

SJÁLFSBJÖRG lsf
-forstöðumaður Vinnu og dvalarheimilis-
Hátún 12,
105 Reykjavík.

b) Íbúðir ætlaðar fötluðum eru á fjórum hæðum í vesturálmu að Hátúni 12. Á hverri hæð eru þrjár 2ja herbergja íbúðir og 6 einstaklingsíbúðir. Íbúðirnar eru hannaðar með hliðsjón af þörfum fatlaðra og er húsaleigu stillt í hóf. Íbúar geta keypt sér hádegismat í matsal hússins. Sameiginlegar setustofur eru á 3 og 5 hæð hússins. Umsækendur skulu vera á aldrinum 16-60 ára og þurfa þeir að geta hugsað um sig sjálfir. Í þessu sambandi er rétt að benda á heimilishjálp og heimahjúkrun, sem íbúar geta sótt um.

Umsókn um að komast í íbúðir þessar skulu sendar:

SJÁLFSBJÖRG lsf
-forstöðumaður rekstrar og fasteigna-
Hátún 12,
105 Reykjavík
Einnig eru gefnar upplýsingar í síma 91-29133

Rétt er einnig að taka fram að Sjálfsbjörg lsf, Hátúni 12, hefur einnig til umráða svokallaðar gestaíbúðir. Þessar íbúðir eru til afnota fyrir fatlaða um skamman tíma, t.d. meðan notið er endurhæfingar.

Fullkomin eldunaraðstaða er í íbúðunum, svo og sími, útvarp, sjónvarp og annað sem tilheyrir hverju heimili. Íbúar í gestaíbúð eiga einnig rétt á því að kaupa sér máltíðir í matsal hússins. Auk þessara íbúða eru tvö lítil gestaherbergi á 2. hæð hússins og er einnig hægt að sækja um þau.

Umsóknum um gestaherbergi og gestaíbúðir skal senda til sama aðila eins og um íbúðir væri að ræða.

Ég vona að þessar upplýsingar komi einhverjum að gagni, en hér hef ég einungis rætt þá möguleika sem eru til staðar á Reykjavíkursvæðinu. Hér hef ég alveg sleppt því að fjalla um hvaða möguleika fatlaðir einstaklingar eiga á lánum til kaupa á eigin húsnæði, sé sá kostur vænlegur. Ég vil í því sambandi benda aftur á hópinn "ÞAK YFIR HÖFUÐIR", sem vinnur í þeim málum og er þá rétt að hafa samband við þau félög sem ég gat um hér að framan, sem eru aðilar að þessu samstarfi.

# CARE-design

EF *ÞÚ* ÞARFT Á *SÉRHÖNNUÐUM NÆRFATNAÐI* AÐ HALDA
- ÞÁ GETUM *VIÐ* HJÁLPAÐ ÞÉR.

Við höfum á boðstólnum sérlega vandaðan nærfatnað úr úrvals bómullarefnum frá CARE-DESIGN, sem er hannaður fyrir konur og karla. Hér er miðað við sérþarfir, vegna ýmissa skurðaðgerða, vöðvabólgu, öldrunar ofnæmis o.fl.

Dæmi: Brjóstahöld fyrir konur með mikinn barm, vöðvabólgu, eftir brjóstaaðgerðir og konur með börn á brjósti. Nærbuxur v. tíðablæðinga eða óviðráðanlegra þvagláta og fyrir fólk með "stomia". - Sem sagt fyrir nútímafólk sem vill taka þátt í lífinu í þægilegum nærfötum.

Komdu og kynntu þér vörur okkar, eða hringdu og spjallaðu við okkur.
Markmið okkar er BETRI LÍÐAN OG MEIRA FRELSI.

Útsölustaður: Verslunin Madam Glæsibæ

Umboðsaðili: Tónika h.f. Melabraut 73, 170 Seltjarnarnesi.

Sími: 91- 611668

Björk Pálsdóttir iðjuþjálfi

# HJÁLPARTÆKI OG HÚSNÆÐISBREYTINGAR FYRIR FATLAÐA OG ALDRAÐA

Hér verður stuttlega gert grein fyrir rétti fatlaðra og aldraðra til hjálpartækja og húsnæðisbreytinga. Einnig er minnst á aðstæður hér heima með tilliti til hjálpartækjaþjónustu og framboðs á hjálpartækjum.

Hjálpartæki:

Tryggingastofnun ríkisins veitir hjálpartæki eða tekur þátt í kaupum á þeim eftir sérstökum reglum. Aðallega er hér um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar, einnig er eitthvað veitt til þjálfunar, en að mjög takmörkuðu leyti til atvinnu og frístundar. Sækja þarf um hjálpartæki á þar til gerðum eyðublöðum til Tryggingastofnunar ríkisins áður en farið er út í kaup.
Veiting hjálpartækja takmarkast að mestu leyti við notkun þeirra á einkaheimili. Fólk sem vistast á stofnunum sem eru á föstum ríkisfjárlögum eða daggjaldakerfi hefur ekki rétt til hjálpartækja frá Tryggingastofnun ríkisins. Hjólastólar eru þó undanteknir, en að öðru leyti verða stofnanirnar að sjá sínu fólki fyrir hjálpartækjum sem það þarf á að halda. Veiting hjálpartækja fer eftir sjúkdómum. Nefna má að fólk sem á við bakverki að stríða hefur mjög takmarkaða möguleika á styrk til hjálpartækja af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins ( t.d. til vinnustóla og rúmdýna).
Í lögum um málefni fatlaðra, 19. grein, er kveðið á um að hægt sé að sækja um styrk eftir 16 ára aldur til tækjakaupa vegna náms eða atvinnu (t.d. til tölva). Sótt er um til svæðisstjórna um málefni fatlaðra.

Tryggingastofnun ríkisins rekur hjálpartækjamiðstöð sem veitir hjálpartækjaþjónustu. Þjónustan felur m.a. í sér:

- ráðgjöf og leiðbeiningar iðjuþjálfa um val á hjálpartækjum.
- viðgerðarþjónustu á tækjum sem eru í notkun og sem Tryggingastofnunin hefur styrkt og komin eru úr ábyrgð.
- sérsmíði, aðlögun og uppsetningar á hjálpartækjum, sem Tryggingastofnun kaupir.
- afgreiðsla á hjálpartækjum af lager hjálpartækjamiðstöðvarinnar eftir samþykktum Tryggingastofnunar.

Hjálpartækjamiðstöðin er nýleg og er enn í mótun. Í náinni framtíð er gert ráð fyrir aukinni þjónustu meðal annars með tilliti til prófunar á hjálpartækjum, séraðlögunar og fleiri verkefna.

Framboð hjálpartækja hérlendis er takmarkað, og tiltölulega fáir hjálpartækjaseljendur hafa hjálpartæki á lager. Tollar og gjöld af hjálpartækjum eru oft mjög há og oft þarf sérútbúnað, sem ekki er hægt að sitja með á lager.
Pöntunartími á hjálpartækjum er oft langur. Þetta kemur sér oft mjög illa, því oft fer svo að þegar tækið loks kemur til landsins er þörfin ekki lengur til staðar. Þetta sést glöggt þegar hjálpartækjum er skilað til hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins í upphaflegu pakkningunum algjörlega ónotuð eða lítið. Með skilaskyldu á flestum hjálpartækjum til Tryggingastofnunar að notkun lokinni eða ef notkun er óþörf, safnast fyrir á lager hjálpartækjamiðstöðvarinnar ýmis tæki. Þannig endurnýtast oft tæki og kemur það í veg fyrir nýkaup á hjálpartækjum erlendis frá, auk þess sem tækin komast innan fárra daga til notenda.

Nokkrir hjálpartækjaseljendur hérlendis:
A. Karlsson hf, Brautarholt 28, 105 Reykjavík.
Arnór Halldórsson, Fellsmúli 26, 108 Reykjavík.
Austurbakki, Borgartúni 20, 105 Reykjavík.
Bergfell hf, Fellsás 7, 270 Mosfellsbæ.
Bitskál sf, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.
Epal, Faxafen 7, 108 Reykjavík.
Fífa, Klapparstíg 27, 101 Reykjavík.
G. Hinriksson, Skúlagötu 32, 101 Reykjavík.
Gróco, Síðumúla 33, 108 Reykjavík.
Guðmundur Eggertsson, Heiðargerði 76, 108 Reykjavík.
Héðinn hf, Seljavegi 2, 101 Reykjavík.
Hjálpartækjabankinn, Nóatúni 21, 105 Reykjavík.
Ingvar og synir, Grensásvegi 3, 108 Reykjavík.
Lystadún, Smiðjuvegi 4, 200 Kópavogi.
Pétur Snæland, Skeifunni 8, 108 Reykjavík.
Remedía hf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík.
Securitas, Síðumúla 23, 108 Reykjavík.
Snorri hf, Garðastræti 6, 101 Reykjavík.
Stoð hf, Trönuhrauni 6, 222 Hafnarfirði.
Tónika, Melabraut 73, 170 Seltjarnarnesi.
Varðan, Grettisgötu 2, 101 Reykjavík.
Vari, Þóroddsstöðum v/Skógarhlíð, 101 Reykjavík.
Þórir B. Guðjónsson, Álfhólsvegi 27, 200 Kópavogi.
Össur, Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.

Húsnæðisbreytingar:
Fyrirgreiðslur til fatlaðra og aldraðra eru takmarkaðar. Þær húsnæðisbreytingar sem oft þarf að kosta til eru m.a. að fjarlægja þröskulda, breikka hurðaop vegna hjólastólanota, breyta baðaðstöðu og aðkomu að íbúð. Ekki er til heimild í almennu tryggingalögunum fyrir greiðslu til húsnæðisbreytinga, þannig að Tryggingastofnun ríkisins veitir ekki styrki til þeirra framkvæmda. Aðstoð Tryggingastofnunar nær einungis til hjálpartækja og ef til vill vinnu vegna þeirra, svo sem sérsmíði vegna lyftu, uppsetningu á handriðum, skábrautum og fleira.

Húsnæðisstofnun ríkisins veitir sérstakt lán til húsnæðisbreytinga vegna fötlunar. Lánið nemur 70% af kostnaði vegna breytinganna, eru með 1% ársvöxtum og eru afgreidd jafnóðum og umsóknir berast. Lágmarksupphæð á láni er um það bil 100.000.-, lánstími hið mesta til 21 árs. (Upplýsingar fengnar frá starfsmanni Húsnæðisstofnun ríkisins)

Einnig hafa verið veittir styrkir frá Félagsmálastofnunum í sumum tilfellum til húsnæðisbreytinga vegna fötlunar eða öldrunar.

---

STOÐ
91-52885

# HVAÐ VERÐUR UM SJÚKLINGA MEÐ GEÐRÆN VANDAMÁL EFTIR SJÚKRAHÚSVIST

Í þessari grein nefnum við þá möguleika sem eru fyrir hendi núna fyrir sjúklinga með geðræn vandamál þ.m.t. húsnæðis, dagvistunar og atvinnumála.

**Húsnæði**

**ENDURHÆFINGARHEIMILI** eru tvö, Reynimelur 55 og Flókagata 31, Rvk. Þetta eru deildir sem tilheyra Geðd. Lsp., en eru reknar sem heimili.
Heimilin eru ætluð fólki í virkri endurhæfingu sem jafnframt sækir meðferð eða vinnu utan heimilisins.
Við komu er ætlast til að heimilismenn hafi meðferðaráætlun sem segir til um markmið dvalar og áætlaðan dvalartíma.
Fyrsti mánuðurinn er reynslutími. Ef sýnt er að heimilismanni nýtist ekki dvölin er hann útskrifaður.
Allir íbúarnir hafa lækni er stjórnar lyfjameðferð. Læknir hefur, í samráði við aðra meðferðaraðila (iðjuþjálfa, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga), yfirsýn yfir meðferðaráætlun og framkvæmd hennar.
Á meðan á dvöl stendur er meðferðaráætlun metin reglulega af heimilismanni og meðferðaraðilum. Læknir staðarins ber ábyrgð á að fundir séu haldnir reglulega.
Áætlaður dvalartími er allt að 6 mánuðum. Það er þó breytilegt eftir endurhæfingaráætlun viðkomandi heimilismanns.
Líta má á dvöl á heimilinu sem millistig frá því að vera á deild yfir á áfangastað, sambýli eða sjálfstæða búsetu.

**ÁFANGASTAÐIR** eru tveir, Norðurbrún 34, sem rekin er á vegum félagsráðgjafardeildar Geðd. Lsp., Borgarspítala og Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og Álfaland, sem er á vegum félagsráðgjafardeildar ríkisspítalanna í samvinnu við sveitarfélög utan Reykjavíkur.
Íbúar greiða sjálfir uppihald og sjá um daglegan rekstur heimilisins. Leiðbeinandi kemur daglega á heimilið og starfar hann undir reglulegri handleiðslu félagsráðgjafa, sem er ábyrgur fyrir starfseminni. Sveitarfélög þeirra einstaklinga, sem dvelja á heimilinu hverju sinni, greiða laun og launatengd gjöld leiðbeinanda.

**Markmið með dvöl á áfangastað eru:**
- Að veita skjólstæðingum, sem dvalið hafa á geðdeild, tilfinngalegan og félagslegan stuðning til undirbúnings sjálfstæðs lífs.
- Að veita markvissa endurhæfingu m.t.t. vinnu og annarra þátta daglegs lífs.

**Forsendur fyrir dvöl á heimilinu eru:**
- Að íbúi stundi vinnu, nám eða meðferð.
- Að íbúi taki virkan þátt í markvissri endurhæfingu.
- Að íbúi greiði kostnað (fæði, húsaleigu o.s.frv.) af dvölinni.
- Að íbúi taki virkan þátt í heimilisrekstri (störfum innan heimilisins og útréttingum í sambandi við heimilishald) undir handleiðslu leiðbeinanda.
- Að íbúi sitji vikulega fundi með öðrum íbúum, leiðbeinanda og félagsráðgjafa.
- Að íbúi virði húsreglur varðandi almenna umgengni.

Á áfangastað hafa allir sér herbergi. Sjónvarpsherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og baðherbergi eru sameiginleg. Í herbergi er gert ráð fyrir því að íbúar komi með sín eigin húsgögn s.s. rúm, rúmfatnað o.fl. Í sameiginlegum vistaverum er til húsbúnaður sem er nauðsynlegur s.s. eldhúsáhöld, sjónvarp o.fl. Húsnæðið miðast við þarfir íbúanna og markmið starfseminnar, þannig að íbúar geti auðveldlega notið samskipta hvor við annan, en jafnframt átt möguleika á að draga sig í hlé og huga að eigin áhugamálum án afskifta annarra.

Dvöl á áfangastað er einn liður í endurhæfingunni og það er því mikilvægt að meðferðaraðili haldi áfram stuðningi við sinn skjólstæðing. Það hefur sýnt sig að reglulegt samband þessara aðila er nauðsynlegt meðan á dvöl stendur. Eins og fyrr er getið er fyrsti mánuðurinn reynslutími og að honum loknum er haldið matsviðtal með íbúa, meðferðaraðila og félagsráðgjafa úr hússtjórn til að taka afstöðu til hvort um framhaldsdvöl verður að ræða. Ef um áframhaldandi dvöl verður að ræða er gert ráð fyrir reglulegum matsviðtölum.

**SAMBÝLI** eru fimm hér í Reykajvík - rekin af Geðd. Lsp. og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Sambýli er varanlegt heimili þar sem fólk hefur rétt á búsetu án þess að gerð sé krafa um að það sæki vinnuþjálfun, nám eða dagdeildarmeðferð utan heimilisins. Sambýlin eru rekin misjafnlega, allt eftir þörfum þeirra einstaklinga er þar búa.
Heimilisaðstoð er veitt eins og þurfa þykir. Lágmarksstuðningur er vikulegir húsfundir og hámarksstuðningur er dagleg aðstoð við hin ýmsu heimilisstörf. Í sambýlum búa ca. 3-5 einstaklingar.

**HLUTVERK IÐJUÞJALFA.** Einstaklingum sem búa á endurhæfingarstöðum og stunda prógram í iðjuþjálfun er fylgt eftir af iðjuþjálfa. Á Flókagötu 31 mætir iðjuþjálfi reglulega á planfundi, sem haldnir eru með hverjum einstaklingi fyrir sig. Á Reynimel 55 mætir iðjuþjálfi hálfsmánaðarlega á planfundi ásamt öðrum meðferðaraðilum.

Iðjuþjálfi fylgir einstaklingi eftir á áfangastaði, allt eftir þörfum hvers og eins. Flest sambýlin eru undir umsjón félagsráðgjafa fra Geðd. Lsp. Eitt sambýli var stofnað í samvinnu á milli iðjuþjálfa og félagsráðgjafa og er nú undir umsjón þeirra.

**DAGDEILD GEÐDEILDAR LANDSPÍTALANS**

Dagdeild Geðdeildar ríkisspítalanna var opnuð í maí 1982, en starfsemin var endurskipulögð í janúar 1988.

Eftir endurskipulagningu deildarinnar starfar þar, 1 sálfræðingur og 1 hjúkrunarfræðingur í fullu starfi, 2 félagsráðgjafar, 1 læknir og 1 sálfræðingur í hlutastarfi. Ennfremur tengjast deildinni sjúkraþjálfari, sem býður upp á hreyfingu og slökun og leikkona sem sér um leikræna tjáningu.
Hlutverk dagdeildar er tvíþætt: Annars vegar forvarnarstarf, þ.e.a.s. fyrirbyggja innlagnir, hins vegar framhaldsmeðferð eftir legu á móttökudeild. Hér getur verið um að ræða fólk, sem hefur verið óvirkt í lengri eða skemmri tíma, ýmist inni á stofnun eða í heimahúsi.

Sjúklingar sem eru innritaðir á dagdeild eru sem stendur 25 og skiptast í þrjá hópa. Annars vegar hópur A er tengdist dagdeildinni fyrir endurskipulagninguna og þarfnast stuðningsmeðferðar og hins vegar hópur B og C, sem komu eftir endurskipulagninguna og þarfnast markvissrar skipulagðrar endurhæfingar.

**Meðferðarprógram**

Prógrammið á Dagdeild fer fram virka daga frá 8.30-15.30. Boðið er upp á möguleika til endurhæfingar, svo sem starfsþjálfun, verklega þjálfun á handavinnustofu, meðferðarhópa, einstaklings- og fjölskylduviðtöl, þjálfun í félagslegri hæfni, ýmsa fræðslu, leikræna tjáningu, íþróttir og ýmislegt fleira.
Markmið deildarinnar er að aðstoða fólk við að finna varanlega lausn á búsetu- og áframhaldandi stuðningur eftir útskrift, en þó reynt að hafa hann sem minnstan. Frekar er reynt að tengja fólk við almenna starfsemi úti í bæ, ef mögulegt er.

**Inntökuferill**

Dagdeildin sinnir ekki innlögðum sjúklingum, þó eru undantekningartilvik, en tekur á móti sjúklinum frá áfangastöðum, sambýlum o.s.frv.
Dagdeildin tekur forviðtal við alla sjúklinga sem beiðnir berast um og síminn er 38160, síðan er vegið og metið hvort sjúklingurinn er hæfur til að taka þátt í meðferðinni. Lyfjameðferð fer annað hvort fram á dagdeildinni eða hjá lækni viðkomandi sjúklings, en viðtöl falla yfirleitt niður meðan á dvöl á dagdeild stendur yfir.
Fyrirhugað er að sjúklingar geti dvalið á dagdeildinni í 3-6 mánuði og að meðferðaraðili veiti einhvern stuðning eftir útskrift.

**Múlabær**

Þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja í Múlabæ var tekin í notkun 1982 á ári aldraðra.
Þjónusta Múlabæjar er öðrum fremur ætluð þeim sem enn búa í sínu eigin húsnæði, eða dveljast hjá fjölskyldu sinni.
Talið er að fullur þriðjungur þeirra sem njóta hennar, gætu ekki búið áfram við ríkjandi aðstæður ef þessarar þjónustu nyti ekki við.
Nú nóta á fimmta tug einstaklinga þjónustu staðarins dag hvern. Algengast er að fólk komi tvisvar í viku.

**Helstu markmið staðarins eru:**

- Að rjúfa félagslega einangrun aldraðra og öryrkja og efla þá til þátttöku í daglegri umsýslan.
- Að stuðla að því að aldraðir einstaklingar og öryrkjar geti sem lengst búið í heimahúsum, í stað langdvalarstofnana.
- Að létta á Dagspítala öldrunarlækningardeildar Landspítalans.
- Að hindra ótímabærar innlagnir á sjúkrastofnanir.
- Að greiða fyrir útskrift sjúklinga á sjúkrastofnunum.

**Þjónusta**

Múlabær býður skjólstæðingum sínum margvíslega þjónustu. Þrjár máltíðir eru bornar á borð dag hvern. Verslun er rekin á staðnum, þar er hægt að kaupa tilbúinn mat.
Sérstök sjúkrabaðlaug er í Múlabæ og eru flestir skjólstæðingar staðarins baðaðir þar. Markmið þeirrar þjónustu er m.a. það, að koma í veg fyrir slys, sem geta orðið ef aldraðir baða sig einir í heimahúsum. Snyrtisérfræðingur er þar í fullu starfi alla daga vikunnar.
Tvær vinnustofur eru reknar í Múlabæ. Önnur þeirra lýtur að trésmíði, útskurði, bókbandi og annari slíkri iðju. Í hinni er leirmunagerð, vefnaður, leðurvinna og fleira.
Vinnustofurnar eru undir handleiðslu iðjuþjálfa, handavinnukennara og myndlistakennara.

Iðjuþjálfinn er í 60% starfi og aðstoðarmaður iðjuþjálfa í 50% starfi. Starfsfólk kemur saman og undirbýr mánaðardagskrá.

Dagskrá fyrir hvern dag er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 08.30 - 10.00 | Morgunverður |
| 10.00 - 11.00 | Blaðalestur |
| 11.00 - 12.00 | Leikfimi/Raunveruleikaglöggvun |
| 12.00 - 13.30 | Hádegisverður |
| 13.30 - 14.00 | Félagsstarf |
| 14.45 - 15.00 | Kaffi |
| 15.00 | Heimkeyrsla |
| 15.00 | Videó |

Félagsstarfið er margbreytilegt t.d., dans, spurningakeppni, bingó, keiluspil, ferðalög, samgöngur og margt fleira.
Á morgnana fer fram hjá iðjuþjálfa og sjúkraliða, þjálfun með fólk sem er með t.d. liðagigt, parkinson, CVA og fleira.

**Atvinnumál**

Starfsþjálfun fer fram á eftirtöldum stöðum: Iðjuþjálfun Geðdeild Landspítalans, Örva, Bergiðjunni, Múlalundi, Sundaborg og Öryrkjabandalag Íslands.

Byrjunarstig starfsþjálfunar hefst, ef með þarf, á meðan á innlögn stendur og fer þá fram í iðjuþjálfun Geðd. Lsp. og í Bergiðjunni.
Örvi og Múlalundur eru með framhaldsþjálfun, Sundaborg og Öryrkjabandalag Íslands teljast verndaðir vinnustaðir.

Iðjuþjálfar starfa einungis á tveim stöðum, í Iðjuþjálfun Geðd. Lsp og í Örva, félagsráðgjafar eru með umsjón hinna staðanna. Nánar verður fjallað um þá tvo staði er iðjuþjálfar starfa á.

**Starfsþjálfun í Iðjuþjálfun Geðdeild Lsp.**

Í Iðjuþjálfun er trésmíðaverkstæði og saumastofa vel tækjum búið, og prentverk ríkisspítalanna.

Flestir sjúklinga byrja annað hvort í smíðum eða saumum, þar sem ákveðin verkefni eru í gangi. Reynt er að líkja sem mest eftir vinnustað. Verkefnin eru valin út frá því sjónarmiði að þau séu margþætt og að þættirnir geri mismiklar kröfur, svo að hægt sé að byrja á einhverju ofureinföldu í framleiðslunni og smám saman auka kröfurnar, þar til komið er t.d. að flókinni vélavinnu. Tímalengd þjálfunarinnar miðast við úthald og einbeitingu sérhvers sjúklings.

Við prentverk ríkisspítalanna eru átta þjálfunarpláss fyrir sjúklinga sem langt eru komnir í starfsmati en þurfa lengri vinnuþjálfunar við.

Eftir að viðeigandi starfsþjálfun er náð liggur leiðin annað hvort út á hinn almenna vinnumarkað eða verndaða vinnustaði. Iðjuþjálfar aðstoða sjúkling við leit að vinnu við þeirra hæfi og veita þeim stuðning eftir að vinnan er hafin, ef þess þarf með. Einnig er í mörgum tilfellum haft samband við Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar, er sér um að útvega sjúklingum vinnu.




# AUPING ER HANNAÐUR FYRIR ÞIG!

**AUPING**, Hollenski rúmbotninn er einn fullkomnasti rúmbotn á markaðinum í dag.

**AUPING** rúmbotninn er **byggður upp á sérofnu neti sem lagar sig að líkamanum.**

**AUPING** botninn er loftdrifinn og með einu handtaki er hægt að stilla höfðalagið á meðan legið er í rúminu. Hægt er að hækka botninn til höfða og einnig til fóta. Fólk eyðir stórum hluta ævinnar í rúmum sínum ýmist við afslöppun, lestur eða svefn.

**AUPING** er því án efa lykill að betra lífi. Og leitin að réttri mýkt er óþörf.



**AUPING** botnar eru fáanlegir í öll rúm frá Ingvari og Gylfa og flest önnur rúm.

**AUPING er hannaður fyrir þig.**

**VERÐIÐ ER SANNGJARNT**

EINKAUMBOÐ Á ÍSLANDI

Ingvar & Synir hf

Grensásvegi 3 · Sími 681144

HEIMIR

Bjargey Ingólfsdóttir iðjuþjálfi

# STARFSÞJÁLFUN Í ÖRVA KÓPAVOGI

**Meginmarkmið örva er að veita fötluðu fólki þjálfun til starfa á almennum vinnumarkaði.**
**Aðaláhersla er lögð á rétt vinnubrögð, góðar starfsvenjur, aukið starfsþrek og félagsleg samskipti.**
**Unnið er samkvæmt starfsþjálfunaráætlun með ítarlegu og reglubundnu starfsmati.**
**Lengd þjálfunartímans fer eftir þörfum einstaklingsins og aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni.**
**Náin samvinna er höfð við atvinnuleit fatlaðra í viðkomandi sveitarfélögum, sem finnur einstaklingnum starf við hæfi að þjálfun lokinni.**
**Örvi veitir starfsmönnum stuðning og fylgir þeim eftir í nýju starfi eftir þörfum. Jafnframt heldur starfsmaður plássi sínu í Örva í 3 mánuði.**

## HVAR ER ÖRVI ?

Starfsþjálfunarstaðurinn Örvi sem stofnsettur var árið 1984, hefur frá upphafi verið til húsa í kjallara hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi, en fluttist nú nýverið í nýtt og betra húsnæði að Kársnesbraut 110.
Vegna fyrri staðsetningar hefur fólk viljað rugla Örva saman við Kópavogshælið og ekki viljað sækja um starfsþjálfun þess vegna.
Núna er Örvi í björtu og rúmgóðu iðnaðarhúsnæði innan um önnur framleiðslufyrirtæki vestast í Kópavogi.

## HVAÐ ER FRAMLEITT ÞAR ?

Framleiðsla Örva er tvíþætt, annars vegar er rekin sauma- og prjónastofa og hins vegar plast- og pökkunardeild. Á sauma- og prjónastofunni eru framleiddar gammosíur en í plast- og pökkunardeildinni eru búnar til ýmiss konar plastumbúðir, t.d. fyrir sælgætisframleiðendur, bakarí, lyfjafyrirtæki o.fl.
Einnig eru fullkomin tæki til "vakum"pökkunar og pökkunar á "blister"spjöldum sem eru hentugar fyrir ýmsa smávöru.

## HVERJIR STARFA Í ÖRVA ?

Í Örva starfa um 30 fatlaðir einstaklingar í hlutastarfi. Fötlun þeirra er af ýmsum toga, t.d. greindarskerðing, geðræn vandamál og líkamleg eða andleg áföll.
Aðstæður þessa fólks eru mjög misjafnar, sumir hafa áður unnið almenna vinnu en aðrir eiga enga vinnusögu. Því er ljóst að starfsþjálfun þarf að taka mið af margvíslegum þörfum og óskum fólks og getur þjálfunartíminn þess vegna verið mislangur.

Auk forstöðumanns og fulltrúa starfa í Örva 4 verkstjórar, þar af 3 í 50% starfi sem annast verklega leiðsögn.
Félagsráðgjafi í 90% starfi og iðjuþjálfi í 60 % starfi, bera ábyrgð á og hafa umsjón með starfsþjálfuninni.

**AÐEINS UM STARF IÐJUÞJÁLFA OG FÉLAGSRÁÐGJAFA.**

Í janúar 1987 hófu Elín Snædal félagsráðgjafi og ég, Bjargey Ingólfsdóttir iðjuþjálfi samstarf. Fyrsta verkefni okkar var að semja ítarlega starfsþjálfunaráætlun, sem ég geri betri skil hér á eftir. Eitt aðal starfstæki okkar við framkvæmd þessarar áætlunar er starfsmat sem er tvískipt.
Annars vegar sjálfsmat sem viðkomandi starfsmaður gerir sjálfur, á eigin færni og framför, og hins vegar samhljóða mat verkstjóra og fagfólks.

Fagleg vinna iðjuþjálfa og félagsráðgjafa skarast að miklu leyti en hver hefur þó sitt sérsvið. Til dæmis sinnir iðjuþjálfinn allri eftirfylgd starfsmanna í nýtt starf. Talið var nauðsynlegt að skilgreina nánar starfsvið verkstjóra og fagfólks og voru því unnar nákvæmar starfslýsingar sem eru til mikils hagræðis við vinnuna.

**VERNDAÐUR VINNUSTAÐUR EÐA STARFSÞJÁLFUNARSTAÐUR ?**

Örvi heyrir undir reglugerð um verndaða vinnustaði. Hún kveður á um að líkir staðir skuli bæði veita fötluðum þjálfun til starfa á almennum vinnumarkaði og veita þeim sem ekki komast í almenna vinnu starf við hæfi.
Við teljum brýnt að reglugerðin greini á milli starfsþjálfunar og verndaðrar vinnu. Þessi reglugerð er nú í endurskoðun og höfum við ásamt fleiri fagfólki lagt mikla vinnu í að skilgreina og móta hugmyndir um starfsþjálfun annars vegar og verndaða vinnu hinsvegar, og sent þessar tillögur okkar til Félagsmálaráðuneytisins til umfjöllunar.
Hugtakið verndaður vinnustaður er bundið í lögum um Málefni Fatlaðra NR. 41/'83 en við vilum fá þessu hugtaki breytt þar eð við sjáum ekki um hvaða verndun er að ræða og teljum orðnotkunina bæði lítillækkandi og letjandi.

Til að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði og tryggja þeim laun og réttindi á við annað starfandi fólk, hlýtur að vera mikilvægt að efla starfsþjálfun.
Vinnustaðir fyrir fatlaða (sem nú eru nefndir verndaðir vinnustaðir) yrði það úrræði sem tæki við þegar allir aðrir kostir væru fullreyndir.

Ný hugmynd hefur einnig komið fram um verstjórn fatlaðra úti á almennum vinnumarkaði og hefur nú þegar fengist fjárveiting á Reykjanessvæði fyrir fyrsta stöðugildi verkstjóra og eru umræður í gangi við eigendur fyrirtækis í Garðabæ um störf þar fyrir 4-5 fatlaða.
Með slíkri verkstjórn gætu opnast enn fleiri möguleikar til starfa fyrir fólk sem þarf meiri stuðning en almennt er veittur.

\- - - - - - - -

örvi hefur tekið þá stefnu að skilgreina sig eingöngu sem starfsþjálfunarstaður og vinnum við samkvæmt því.

Hér á eftir fylgir starfsþjálfunaráætlun örva til nánari útskýringar á vinnuaðferðum okkar.

**STARFSÞJÁLFUNARÁÆTLUN.**

**Umsóknir:**

Til að unnt sé að meta þörf einstaklingsins fyrir vinnuþjálfun þurfa ákvðnar grunnupplýsingar að liggja fyrir, s.s. persónu- og heilsufarssaga, félagslegar aðstæður og fyrri vinnusaga ef einhver er.
Þá komi einnig skýrt fram hvert er markmiðið með umsókn: Hvernig og hvers vegna telur viðkomandi að staðurinn geti nýst honum?
Áhersla er lögð á að byggja upp og efla stuðning utan vinnustaðarins (meðferðaraðilar). Kallað eftir ábyrgð tilvísunaraðila eða annarra er tengjast einstaklingnum.
Hlutverk meðferðaraðilans sé skýrt. Hvernig er stuðningi hans háttað? Hvar lýkur stuðningi hans og ábyrgð?
Viðtöl við umsækjanda og meðferðaraðila verða eftir þörfum hverju sinni, til nánari greiningar á aðstæðum.

**Inntökufundur:**

Inntökuhóp skipa 7 einstaklingar og er hlutverk hans að ákvarða um ráðningar út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja.
Umsóknir eru kynntar og metnar með tilliti til heildaraðstæðna einstaklingsins.
Ákvörðun tekin um hvort umsækandi hefur þörf fyrir endurhæfingu og getur nýtt sér hana eða hvort aðrir kostir eru raunhæfari.
Önnur úrræði rædd - vísað til atvinnumiðlunar öryrkja á vegum viðkomandi sveitarfélags eða annað, t.d. dagvistanir, meðferðarstofnanir, önnur vinna.
Ákvörðun tekin um ráðningar og umsóknir settar í forgansröð.

**Forviðtal:**

Umsækjandi kemur í ítarlegt viðtal. Þar er vinnustaðurinn, hlutverk hans og markmið kynnt, rædd þau vinnutilboð sem fyrir hendi eru, reglur staðarins, vinnutími o.fl.

Þá eru markmið umsækjandans skilgreind:
Hvernig hann hyggst nýta sér vinnutilboðin. Hvað ber að leggja áherslu á í starfsþjálfuninni. Hverjar eru veikar/sterkar hliðar hans. Hvernig má tengja vinnuþjálfunina aukinni þátttöku einstaklings á öðrum sviðum, t.d. í námskeiðum/námi, líkamsrækt/sundi, tómstunda-/félagsstarfi.

Starfsþjálfunaráætlun er gerð og tímamörk sett í stórum dráttum.

Vinnusamningur undirritaður og ákveðin dagsetning fyrsta vinnudags.

**Reynslutími:**

Eins mánaðar gagnkvæmur reynslutími. Í lok hans fer fram

matsviðtal, þar sem gengið er út frá starfsmati og í ljós kemur hvort viðkomandi einstaklingi finnst hann valda vinnunni og geta nýtt sér staðinn og hvort mat okkar er samhljóða.

Af því ræðst hvert næsta skref verður:
a) Einstaklingurinn heldur áfram þjálfun sinni skv. endurhæfingaráætlun.

b) Möguleikar eru á einhverri framlengingu á reynslutíma, skamman tíma í senn og skv. sérstökum samningi. Þar yrði tekið á ákveðnum striðum, sem starfsmaðurinn verður að koma í lag ef um áframhaldandi þjálfun á vinnustaðnum á að vera að ræða.

c) Viðkomandi hættir á vinnustaðnum. Inntökuhópurinn fjallar þá um málið og leitar annarra úrræða.

**Þjálfunartími:**

Sex til tólf mánaða tímabil er sett sem viðmiðunarmark, en þar eð endurhæfing fólks með mismunandi þarfir tekur mislangan tíma er reiknað með frávikum frá þeim tímamörkum. Persónubundið er hve langan tíma hver einstaklingur þarf til að ná því marki sem hann setti sér í upphafi og getur það einnig verið háð aðstæðum og möguleikum vinnustaðarins hverju sinni.

Á þjálfunartímanum fara fram reglubundin matsviðtöl í tengslum við starfsmatið. Er tilgangur þeirra að meta árangur og í framhaldi af því gera viðeigandi ráðstafanir til að þjálfunin nýtist starfsmanninum sem best og hann staðni ekki. Markmiðið er að stöðug framför eigi sér stað, jafnvel þótt hægt miði.

Matsviðtöl geta verið með mislöngu millibili, sem ákvarðast af stöðu einstaklingsins. Sumir þurfa mun meiri stuðning en aðrir, þéttari viðtöl, meira aðhald, þrengri ramma og því er nauðsynlegt að meta árangur þeirra oftar en hinna, sem hafa náð góðum tökum á vinnunni, og þeim þáttum sem þjálfunin beinist aðallega að.

Á ákveðnum skeiðum þjálfunarferlisins fer fram heildarmat á stöðu einstaklingsins og út frá því ákvarðast hvert áframhaldið verður: lengri starfsþjálfun brottfararundirbúningur, önnur endurhæfing/hæfing. Meðfarðaraðili skal taka þátt í þessum matsviðtölum. Með því móti fylgist hann með þeirri þróun sem verður og getur veitt skjól-stæðingi sínum markvissari stuðning, t.d. í þeim atriðum sem tekist er á við utan vinnustaðarins.

**Undirbúningur að brottför:**

Viðmiðunartími er 1-3 mánuðir.
Á þeim tíma er markvisst unnið með einstklingnum að brottför hans af vinnustaðnum, út á almennan vinnumarkað.
Atvinnufulltrúi öryrkja í sveitarfélaginu tengist starfsmanni, kynnir sér getu hans og starfsfærni og leitar að starfi við hæfi og í samræmi við óskir hans og raunhæfa möguleika.
Á þessum undirbúningstíma er þýðingarmikið að hjálpa einstaklingnum til að skilja og takast á við þær tilfinningar sem koma upp þegar breytingar eru framundan. Vinna þarf með kvíða hans og mótstöðu gegn umskiptum, styrkja sjálfstraust hans og sjálfstæði.

Fræðsla um kröfur og ástand vinnumarkaðarins, starfsemi hinna ýmsu vinnustaða og almenn kjaramál er einnig mikilvægur þáttur þessa undirbúnings. Námskeið og fyrirlestrar um þessi efni utan vinnustaðarins gætu orðið liður í fræðslunni.
Þegar vinnutilboð liggur fyrir fer starfsmaður i heimsókn í fyrirtækið/vinnustaðinn ásamt iðjuþjálfa (og atvinnuleitarfulltrúa) til að kynna sér starfið og skoða og meta aðstæður.
Jafnhliða því sem undirbúningur að brottför starfsmanns hefst er mikilvægt að byrja að þjálfa annan starfsmann/menn sem komi í hans stað. Með því skal tryggja að framleiðsla vinnustaðarins skaðist ekki, né óæskileg röskun verði á vinnukeðjunni.
Fráfarandi starfsmaður tekur að vissu marki þátt í þjálfun eftirmanns síns, leiðbeinir honum og sýnir hvernig vinna á tiltekið verk. Verður það liður í að auka ábyrgð hans og sjálfstæði í starfi.

**Eftirfylgd:**

Reynslutímabil starfsmanns úti á almennum vinnumarkaði er 3 mánuðir. Á þeim tíma nýtur hann stuðnings fagfólks í Örva og ennfremur fylgist atvinnuleitarfulltrúinn með hvernig gegnur.
Haft er reglulegt samband við vinnuveitanda/verkstjóra á nýja vinnustaðnum og reynt að leysa úr þeim vandamálum sem upp kunna að koma þar.
Plássi í Örva er haldið opnu þessa 3 mánuði og komi í ljós að starfsmaður ræður af einhverjum ástæðum ekki við það starf sem hann réðst í, eða er sagt upp störfum, þá getur hann komið aftur í Örva.
Staða hans er þá endurmetin og bætt við þjálfunartímabili eða leitað að annarri vinnu, sem hentar viðkomandi.

Unnið af Elínu og Bjargey.

\- - - - - - - - -

Til gamans má geta þess að á árinu 1987 hættu 10 manns störfum í Örva. 4 fóru í almenna vinnu, 2 fóru í skóla til frekari undirbúnings, 2 fóru í aðra endurhæfingu og 2 hættu vegna þess að þeir réðu ekki við þær kröfur sem Örvi gerir til starfsmanna sinna. Það sem af er þessu ári eru 2 farnir í almenna vinnu og undirbúningur hafinn að brottför 6 til viðbótar.

Nú er laust starf iðjuþjálfa í Örva þar sem ég er á förum erlendis. Svo hægt verði að halda áfram þessu uppbyggingar- og þjálfunarstarfi sem lögð er aðaláhersla á er alveg nauðsynlegt að fá iðjuþjálfa þangað til starfa sem fyrst.
Í lokin vil ég því hvetja ykkur iðjuþjálfar, til að heimsækja nýja Örva og sækja um starfið !! Vonandi freistar það þín !

# DUX



# BETRI SVEFN BETRI SLÖKUN

Í dag eru allir helstu fagmenn á þessu sviði á sama máli og DUX:
Fyrirmyndardýnan á að hafa mjúkt efra lag og hart neðra lag, þannig að hryggurinn hvílist alltaf í eðlilegri stellingu.
DUX hefur ávallt framleitt dýnur í samræmi við þessa reglu.

En það er fyrst með tækniframförum nútímans, sem tekist hefur að sanna að DUX-reglan býður upp á einstæðan svefn og betri slökun.
Á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi hefur umfangsmiklum rannsóknagögnum verið safnað saman. Í þeim kemur hvað eftir annað í ljós að DUX-dýnan ber af öðrum.

Leyndardómur DUX-dýnunnar felst í tvöfaldri fjöðrun úr sérstöku stáli.

Harður neðri hlutinn tryggir djúpfjöðrun og tekur á móti öflugum hreyfingum.

Efri hlutinn, sem er mýkri, gefur eftir þar sem hann verður fyrir þrýstingi og lagar sig þannig að líkamanum. Hann lætur undan þrýstingi frá öxlum og mjöðmum, en styður þægilega við mitti og fótleggi.
Meira en 1000 gormar eru til taks að bregðast við sérhverri hreyfingu líkamans.

Með tilliti til gæða er Dux einnig öðrum dýnum fremri. Sérhver hlutur er valinn af kostgæfni með hliðsjón af því hlutverki, sem honum er ætlað. Dýnurnar gangast undir prófanir, sem jafngilda meira en tuttugu ára tillitslausri notkun.

---

STÆRÐIR Á DÝNUM:

| | |
|---|---|
| 90 × 2 | 140 × 2 |
| 105 × 2 | 165 × 2 |
| 120 × 2 | 90 × 210 |




**HRINGIÐ Í 27560**

. . .og við sendum þér að kostnaðarlausu nákvæmar upplýsingar um betri og dýpri svefn í sænsku DUX heilsurúmi

DUX

MIÐBÆJARMARKAÐNUM AÐALSTRÆTI 9
SÍMI 27560. POST BOX: 1261 REYKJAVÍK

Elísabet Guttormsdóttir deildarstjóri

# YFIRLIT UM STARFSEMI VINNUMIÐLUNAR FYRIR FATLAÐA, RÁÐNINGARSTOFU REYKJAVÍKURBORGAR

Fyrsta janúar árið 1978 stofnaði Reykjavíkurborg "öryrkjadeild" til að sinna atvinnumálum fatlaðra og var hún starfrækt á Ráðningastofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 1. Deildin sinnti atvinnumálunum ásamt Endurhæfingaráði ríkisins þar til í janúar 1984, en þá tóku gildi ný lög um málefni fatlaðra og var ráðið lagt niður. Við þessar breytingar jukust verkefni öryrkjadeildar til muna, m.a. sá deildin nú um umsóknir um starfsþjálfun á Múlalundi, en áður hafði Endurhæfingaráð sinnt því.

Árið 1987 var ákveðið að breyta nafni "öryrkjadeildar" og nefnist hún nú "Vinnumiðlun fyrir fatlaða" sem er réttnefni, því að ekki eru allir umsækjendur örorkulífeyrisþegar þótt fatlaðir séu.

Undanfarin þrjú ár hafa hátt á þriðja hundrað manns leitað aðstoðar vinnumiðlunarinnar á hverju ári. Eins og við er að búast er fötlun umsækjenda mjög mismunandi og vinnugetan einnig. Allmargir koma að eigin frumkvæði en annars er fólki vísað af hinum ýmsu deildum sjúkrahúsanna, einkum geðdeildunum; félagsmálastofnunum, skólum og sambýlum; af læknum, iðjuþjálfum og félagsráðgjöfum, svo að eitthvað sé nefnt.

Áður en hægt er að sinna umsókn er rætt við umsækjenda m.a. um fyrri störf, skólagöngu, fötlun og áhrif hennar á vinnugetu og óskir um vinnu. Reynt er að leggja mat á hvort hinn fatlaði ráði við starf á almennum vinnumarkaði eða þarfnist þjálfunar/vinnu á "vernduðum" vinnustað til að byrja með. Í nokkrum tilvikum hefur fólki verið vísað til sálfræðings áður en slík ákvörðun er tekin.

Auk þess að annast atvinnumiðlun og atvinnuleit vegna starfa á almennum vinnumarkaði tekur deildin við umsóknum um störf á Múlalundi, vinnustofu SÍBS, Hátúni 10c og á vinnustofu Öryrkjabandalags Íslands, Hátúni 10, þar sem starfrækt er tæknivinnustofan Örtækni svo og saumastofa.

Á Múlalundi unnu í maíbyrjun alls 97 manns auk 2ja yfirmanna. Af þessum fjölda voru 37 í tímabundnu starfi, 5 mánaða tímabil í senn. Margir þessara sækja um Múlalund aftur að tímabilinu loknu en nokkrir treysta sér út á almennan vinnumarkað og aðstoðar vinnumiðlunin þá eftir því sem talið er raunhæft. Er þá mikils virði að hafa starfsmat í höndunum, en það er gert tvisvar til þrisvar sinnum á starfstímabilinu. Aðalframleiðslan á Múlalundi eru plastmöppur af ýmsum stærðum og gerðum, lausblaðabækur, hulstur utan um skjöl og skilríki, dagatöl og myndaalbúm.

Á vinnustofum Öryrkjabandalagsins voru í maíbyrjun 34 fatlaðir einstaklingar, langflestir í hálfs dags starfi. Í Örtækni vinna

24 þar af 5 á 7 mánaða vinnusamningi og er unnið m.a við símtækjaviðgerðir og framleiðslu á rafeindabúnaði. Á saumastofu öryrkjabandalagsins eru nú 10 konur, flestar í hálfu starfi, en 5 pláss voru laus til umsóknar. Þar hafa m.a. verið búnir til fermingarkirtlar, vinnusloppar og svuntur fyrir fólk í veitinga- hjúkrunar- og verslunarstörfum og taupokar fyrir ríkisspítalana.

Það skal sérstaklega tekið fram að Múlalundur og vinnustofur öryrkjabandalagsins eru þeir einu svonefndu "vernduðu" vinnustaðir sem hafa veitt deildinni umboð til að annast móttöku allra umsókna í tímabundin störf, en við getum þó haft milligöngu um ráðningar til annarra "verndaðra" vinnustaða, ef þess er óskað.

Hvað varðar störf á almennum vinnumarkaði er auðsýnt að atvinnuleit og atvinnumiðlun eru háð ástandi vinnumarkaðarins á hverjum tíma. Á haustin er yfirleitt mest framboð á störfum þegar skólafólkið hefur nám á ný. Einnig eru vorin góður tími vegna aukins framboðs á útivinnu og afleysingastörfum vegna sumarfría enda þótt þá gæti nokkrar samkeppni við námsfólk.

Því miður er ekki algengt að atvinnurekendur hringi til okkar að fyrra bragði og bjóði störf sérstaklega fyrir fatlaða. Því fer mikið af tíma okkar í að leita að vinnu fyrir hvern einstakling sem talinn er fær um að starfa á almennum vinnumarkaði. Vitanlega reynum við einnig að fylgjast með blaðaauglýsingum og þeim störfum sem eru í boði hér á Ráðningarstofunni á hverjum tíma. Á undanförnum árum hefur deildin haft allmikið samband við fyrirtæki sem hafa verið heimsótt af sérstökum starfshópi sem varð til árið 1981, á ári fatlaðra. Starfshópurinn vinnur fyrir samstarfsnefnd um atvinnumál fatlaðra, en í þessari nefnd eiga sæti samtök launþega og vinnuveitenda, félög öryrkja og fulltrúar frá Reykjavíkurborg. Vinnustaðaheimsóknirnar hafa verið skipulagðar af deildarstjóra vinnumiðlunarinnar og hafa allmargir verið ráðnir í kjölfar þeirra. Eftir að fólkið hefur störf er reynt að fylgjast með hvernig því vegnar og það hvatt til að halda sambandi við deildina ekki síst ef einhver vandamál koma upp. Einnig er rætt við vinnuveitanda um hvernig starfið gengur. Eru þessir síðasttöldu þættir ekki síður mikilvægir en atvinnumiðlunin.

Steinunn Finnbogadóttir forstöðukona



# DAGVISTUN SJÁLFSBJARGAR

Hin lengsta ferð hefst með einu skrefi, segir Kínverskt spakmæli. Fyrsta skref Sjálfsbjargar til forystu og framgangs var ekki aðeins fyrirheit - heldur upphaf langrar og gæfusamrar ferðar og þátttöku í uppbyggingu í þjóðfélaginu á þann veg sem best gæti stutt fatlaða til sjálfsbjargar.

Í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, í Reykjavík fer fram umfangsmikil þjónustustarfsemi - þar er vinnu-og dvalarheimili, sjúkraþjálfun, sérhannaðar íbúðir og dagvistarheimili, að ógleymdri frábærri sundlaug, svo nokkuð sé nefnt.

Raunar er húsið og allt sem þar fer fram talandi dæmi um það hverju markviss vilji og félagsleg samstaða getur áorkað.

Mitt starf er að vera ábyrgur og leiðandi aðili á stóru og mikilvægu heimili, sem er Dagvist Sjálfsbjargar - heimilið er ætlað fötluðum einstaklingum sem búa eða dvelja mikið einir á heimilum sínum. Einveran veldur ekki aðeins hryggð og einmannakennd heldur er hún í mörgum tilfellum óbærileg.

Margir búa ekki aðeins við líkamlega fötlun heldur eiga einnig erfitt með að tjá sig vegna sjúkdóms og áfalla sem viðkomandi hefur orðið fyrir - einvera við slíkar aðstæður skapar mikið og raunar óverjandi öryggisleysi fyrir þann sem í hlut á - öryggisleysið grípur einnig þá í fjölskyldunni sem vilja vernda en verða að vera fjarverandi daglangt vegna vinnu sinnar.

Dagvist Sjálfsbjargar tók til starfa árið 1979 og er heimilið það fyrsta sinnar gerðar hér á landi. Bak við hugmyndina um að starfrækja dagvistarheimili fyrir fatlaða var - að skapa þeim sem þar myndu dvelja og þyrftu þess mest með - öryggi, gott samfélag og starf.

Þegar starfsorkan er svo skert sem hér um ræðir er mikilvægt að eiga sem fjölbreyttast staðar og starfsval til afþreyingar og ánægju. Því má segja að dagvistarheimili Sjálfsbjargar sé þrep í vinnumiðlun fatlaðra - þar er unnin mikil handavinna undir leiðsögn - saumað, smyrnað, ofið og hnýtt, málað á léreft og unnin trévinna. Hér verða til hinir fegurstu munir - svo sem sýning heimilisins vorið 1986 bar vitni. Sýningin var opnuð undir einkunnarorðinu MÁTTUR STARFSINS, sýningin var fjölbreytt og falleg.

Eg tel að reynslan hafi sannað það þau 9 ár sem Dagvist Sjálfsbjargar hefur starfað að dagvist leysir vanda margra einstaklinga mjög vel.

Hún dregur úr einangrun og gefur félagsskap,
möguleika til ýmisskonar afþreyingar og starfs
slítur fólk ekki úr tengslum við fjölskyldu og heimili,
en gefur nauðsynlega vernd, sem ekki gæfist nema með
sólahringsdvöl á stofnun ella, eða að einstakir fjölskyldu
meðlimir væru bundnir heima.

Heimilið er opið frá kl. $8^{30}$-$16^{30}$ alla virka daga og er fyrir 30 manns, nú alveg fullsetið. Veittur er morgunverður, hádegisverður, sem borinn er fram í matsal hússins svo og eftirmiðdagskaffi. Fólkið er sótt heim að morgni og því ekið heim að starfsdegi loknum.

Einkameðferð sjúkraþjálfa er veitt samkvæmt sérstakri beiðni læknis. Hópæfingar

hjá sjúkraþjálfum eru tvisvar í viku - verndaðir sundtímar tvisvar, léttar æfingar og slökun eru einu sinni í viku - fjöldasöngur og píanóleikur einu sinni. Fræðslu og eða gamanmál í sjónvarpi e.h. alla föstudaga - handavinna - lestur blaða og framhaldssögu. Fótsnyrting er veitt tvisvar í mánuði. Vinnu og hvíldaraðstaða er mjög góð.

Umsóknareyðublöð vegna dvalar í Dagvist Sjálfsbjargar eru hjá forstöðukonu heimilisins að Hátúni 12, þar kemur fram - að aðeins þeir einstaklingar koma til greina er þarfnast aðstoðar vegna fötlunar - að öðru jöfnu sitja þeir fyrir dvöl, sem eru á aldrinum 16-66 ára. Þar af leiðir að heimilisfólk hér er á ýmsum aldri og nú frá 25 ára og að áttræðu en stærsti hópurinn er á miðjum aldri. Það er ánægulegt að geta sagt frá því að milli þessa fólks ríkir léttur og hlýr heimilisandi við spjall og glaðværð og slær þannig ramma um hópinn sem stóra fjölskyldu. Saman förum við í tvær dagsferðir vor og haust, efnt er til jólagleði - þorrafagnaðar og páskagleði með hátíðaveitingum á heimilinu.

Á þessum þáttum og öllu því samfélagi sem svífur þar á milli byggist okkar daglega líf í Dagvist Sjálfsbjargar.

# Sumir vakna eldhressir og úthvíldir

**Dunlopillo** *rúmdýna og rúmbotn – heilsunnar vegna!*

*Sendum í póstkröfu*



## Latex dýna

Latex dýnan er eina dýnan á markaðnum sem gerð er úr ekta náttúrugúmmíi.

Latex dýnan fjaðrar vel og veitir líkamanum góðan stuðning. Þyngri líkamshlutar sökkva hæfilega djúpt í dýnuna en hún veitir jafnframt stuðning undir hina léttari.

## Stabiflex rúmbotn

Stabiflex er einstaklega traustur og vandaður rúmbotn sem hentar sérstaklega vel undir Latex dýnuna. Samspil dýnu og rúmbotns er þar í fullkomnu samræmi við hreyfingar og þyngd líkamans.



- Fallegt áklæði að eigin vali.
- Loftræstikerfi heldur loftinu hreinu og rakastiginu réttu.
- Latex gúmmíið bægir frá ryki og sýklum.
- Sveigjanleiki gúmmísins tryggir rétta fjöðrun.
- Hryggsúlan helst bein og það slaknar á vöðvum.
- Stabiflex rúmbotninn er sniðinn undir Latex dýnuna – samvirkandi og hljóðlaust kerfi.



Of hörð dýna.



Of mjúk dýna.



Latex dýnan: Dýnan lagar sig að líkamanum – hryggsúlan er bein.

- Botnramminn er gerður úr níðsterku límtré.
- Þverrimlarnir eru gerðir úr límtré og bogna upp á við um miðjuna – eru sveigjanlegir.
- Þverrimlarnir hvíla á veltiörmum úr gúmmíi sem hreyfast eftir þrýstingi.
- Hægt er að hækka rúmbotninn undir höfði og fótum.

**LYSTADÚN**
SMIÐJUVEGI 4 KÓPAVOGI SÍMI 79788

TÍMABÆR

# NORDISK NYT

## frá Íslandi

I Island er vi 49 ergoterapeuter, alle sammen uddannet i udlandet i stort set alle Europæiske lande samt USA og Canada.

Vores arbejdsområder er stort set de samme som i Danmark.
I Island har vi endnu ikke fået en mulighed for at blive uddannede som ergoterapeuter, men det er en af de mange ting som vores lille aktive fagforening kæmper for.

**Skolen**
Undervisningsministeriet har besluttet. at nedsætte et udvalg, der skal undersøge behovet for en ergoterapi-linie på Universitetet i Island.

**Kurser**
De ting der lykkes for ergoterapeutforeningen er at arrangere kurser og foredrag hvor ca 90% af medlemmerne kommer til og deltager aktivt i.
Et kursus blev afholt den 25-27 mai '87 hvor vi fik besøg af Deborah R. Labovitz Ph.DR,OTR/L, FAOTA.

Kurset omfattede et **"Workshop om at integrere teori i praksis".**
At integrere teori med daglig praksis ved brug af passende referencerammer for at imødegå patientens behov og udvælge tilsvarende behandling er ved at blive en stigende nødvendighed for ergoterapeuter. Gennem en sådan teori baseret på praksis, kan patientens problemer blive effektivt afdækket og værdien af den ergoterapeutiske behandling blive vurderet.
Denne workshop præsenterede et basis overblik over teori og flere referencerammer indenfor ergoterapi som det er i dag og således forsøge at få teori og referencerammer i den daglige ergoterapeutiske praksis til at hænge sammen.

Et andet kursus blev afhold den 14-16 januar '88 med stor succes. Det drejede sig om en ny ADL-test **"A-ONE"**, det viste at selv om vi ikke har fået vores uddannelse her endnu, er der ergoterapeuter som foretager forsknings- og udviklingsarbejde.

Af de 3 som har masterdegree fra USA, er der en "Guðrún Arnadóttir" der har udviklet en test **"A-ONE"** der ret præsist kan give oplysninger om hvor i hjernen en organisk skade er sket. Arnadóttir udviklede testen under sit ophold i USA og har arbejdet videre på den i Island. Den er brugt i både USA og i Island. Den er også tænkt som undervisningsmateriale når uddannelsen starter her i Island.

Kurset omfattede en gennemgang af det organiske mentale symptom

beskrevet ud fra anatomiske, fysiologiske og adfærdsmæssige undersøgelser der udføres v.hj.a. ADL-test **A-ONE**.
Hovedemnet på kurset var at give oplysninger om en ny ergoterapeutisk test **A-ONE**, som er opbygget med henblik på at teste primær ADL, hos patienter som er blevet udsat for organisk mental hjerneskade og for at finde de organiske mentale symptomer der nedsætter primær ADL.

**A-ONE** hjælper ergoterapeuter ved, at der kan udføres en perfekt test der beskriver patientens funktionsniveau og de organiske mentale symptomer som nedsætter primær ADL.

**A-ONE** giver også mulighed for at finde forbindelser mellem skader i hjernefunktionen og deres lokalisation i hjernen. Forståelsen for problemet skulle heraf øges og det bliver derfor nemmere at finde frem til den rigtige behandling.

**A-ONE** er opbygget som test-materiale til brug for ergoterapeuter der giver grundlag for at tilrettelægge en optimal behandling for den enkelte patient med organiske mentale symptomer.

Kursets indhold egner sig for alle ergoterapeuter, som er interesseret i ergoterapeutisk udvikling, i nye teorier indenfor morådet og forskningens betydning.

Guðrún Arnadóttir kommer til med at holde et foredrag om **A-ONE** på den ergoterapeutiske kongress i Portugal i slutningen af september 1988.

Med venlig hilsen

Ergoterapeuter på den psykiatriske afdeling,
Landspítalinn Reykjavík.

# NORDISK NYT

## frá Svíþjóð

**En seger för FSA!**

**I september fastställde Socialstyrelsen allmänna råd för arbetsterapeuter. I oktober kom föreskrifter genom vilka de flesta arbetsterapeuter kommer att omfattas av tillsynslagens bestämmelser om ansvar.**
**- Vi har inte nått våra mål fullt ut, kommenterar FSA's ordförande Inga-Britt Lindström. Men råden och föreskrifterna är ändå en seger för FSA och för de människor som behöver arbetsterapeutisk behandling. I fremtiden kommer det nämligen vara mycket svart för arbetsgivare att anställa icke utbildad personal på arbetsterapeuttjänster.**

**Förbundet Sveriges Arbetsterapeuter** och dess föregångare har kämpat för legitimation för arbetsterapeutr sedan den treårige utbildningen startade 1965. Syftet var att nå föreståelse för professionalismen i arbetsterapeutyrket samt att påpeka den risk patienten löper av att inte få riktig arbetsterapeutisk behandling. Legitimationsfrågan var en av hörnstenarna i arbetet.

### Krav på legitimation

Medicinalansvarskommittén (MAK) lade sitt betänkande 1978. Utredningen föreslog att alla som arbetar inom vården ska ha ett eget självständigt yrkesansvar inom ramen för sin kompetens. MAK föreslog också inrättande av hälso- och sjukvårdens ansvarsnämnd (HSAN), vilken skulle besluta om disciplinpåföljd.

FSA avger sitt remissvar över MAK:s förslag till lag om tillsyn över hälso- och sjukvårdspersonal med flera. FSA kräver där legitimation eller behörighetsföreskrifter för arbetsterapeuter, det vill säga att alla som anställs som arbetsterapeuter ska ha en av samhället godkänd arbetsterapeututbildning. Förbundet skriver:

"Avgränsningen av gruppen hälso- och sjukvårdspersonal föreslås knytas till om arbetet urförs 1) vid sjukhus eller annan inrättning för vård av patienter som drivs av det allmänna eller av enskild med bidrag från det allmänna eller efter särskilt tillstånd, den som utan att omfattas av 2) i egenskap av legitimerad yrkesutövare meddelar vård åt patienter eller tillhör personal som biträder sådan yrkesutövare i vården.

### Hamnade utanför

Den föreslagna avgränsningen skulle resultera i att arbetsterapeuter inom öppna vårdformer, företagshälsovård, socialvård och liknande hamnade utanför gruppen hälso- och

sjukvårdspersonal. Man kan heller inte påstå att arbetsterapeuter alltid biträder legitimerad personal. Arbetsterapeuten arbetar självständigt med egna yrkesspecifika arbetsuppgifter och hamnar av den anledningen utanför."

FSA får ej gehör för denna åsikt, och tillsynslagen får den utformning som MAK föreslår. Det bör noteras att atbetsterapeuterna före tillsynslagens tillkomst inte räknades som medicinalpersonal.

1980 tillsätts den så kallade Behörighetskommittén. Ett gammalt FSA-krav förverkligades därmed. Utredningen skulle pröve behov av bestämmelser om legitimation eller annan behörighet för olika yrkesgrupper inom hälso- och sjukvården, samt för vilka grupper sådana bestämmelser bör gälla.

## Liten framgång

1983 lägger Behörighetskommittén fram till sitt betänkande, och FSA kan notera en liten framgång. Kommittén föreslår nämligen att allmänna råd om kompetenskrav för arbetsterapeuttjänster skall utarbetas. Inför behandlingen av regeringens proposition i riksdagen uppvaktar FSA riksdagsmän för att få till stånd en motion om bindande behörighetsföreskrifter. En sådan motion kommer också till stånd.

Förbundet uppvaktade Socialutskottet inför motionens behandling där, och utskottets ordförande reserverar sig till förmån för motionen. Frågan kommer därmed att diskuteras i riksdagen, men reservationen avslås dessvärre. Riksdagens beslut innebar trots allt att så kallade allmänna råd skulle komma att utarbetas av socialstyrelsen.

Ungefär samtidigt som behörighetskommittén tillsattes började också journalutredningen att arbeta. FSA hade möjlighet att påverka såväl behörighetskommittén som journalutredningen genom att vara representerat i referensgrupperna.

I journalutredningens arbete ingick bland annat at lägga fram förslag om vilka grupper som ska föra journal. Utredningen föreslog att legitimerad personal bör åläggas att föra journal. Dessutom bedömdes journalföringsplikten också vara "särskilt angelägen" och gälla för ytterligare några yrkesgrupper inom hälsoö och sjukvården, bland annat arbetsterapeuter.

## Ansvarsfrågan

Den 1 januari 1986 trädde journallagen i kraft, och arbetsterapeuter inom hälso- och sjukvård var således journalföringspliktiga.

1985 började en gruppe på socialstyrelsen att utforma allmänna råd för arbetsterapeuter. FSA var representerat i gruppen.

I det arbetet blev ansvarsfrågorna åter aktuella, desamma som FSA tog upp i remissvaret på MAK's betänkande.

Denna fråga har nu löst på ett för arbetsterapeuterna tillfredsställande sätt. Alla arbetsterapeuter som i sin yrkesutövning förebygger, utreder och behandler sjukdomar, skador, handikapp och andra medicinska besvär omfattas av tillsynslagens bestämmelser om ansvar. Detta innebär även at alla dessa arbetsterapeuter ska föra journal. Denna författning träder i kraft fyra veckor efter den dag författningen utkommit i Socialstyrelsens författningssamling SOSFS 1987:23.

Allmänna råd om kompetenskrav för arbetsterapeuttjänster har den 29 september 1987 fastställst av Socialstyrelsen. Dess kommer att publiceras i författningssamling SOSFS 1987:24.

De allmänna råden är bindande endast om respektive arbetsgivare beslutar att tillämpa dessa, men föreskriften är bindande för arbetsterapeuterna.

De många årens enträgna arbete har alltså resulterat i detta!

**Självsanering**

Trots att FSA inte uppnått bindande föreskrifter för tillsättning av arbetsterapeuttjänster, mener vi att de beslut som Socialstyrelsen nu tagit kommer att innebära en "självsanering". Det kommer att vara mycket svårt för arbetsgivarna att i forstättningen anställa ickeutbildad personal på arbetsterapeuttjänster.

# ÖRVI KÓPAVOGI

Vinnustaðurinn Örvi, sem er starfsþjálfunarstaður fyrir fatlaða á Kársnesbraut 110, Kópavogi, óskar eftir að ráða iðjuþjálfa til starfa nú þegar.
Í Örva starfa um 30 fatlaðir einstaklingar í hlutastörfum og auk þeirra starfa þar félagsráðgjafi, 4 verkstjórar auk forstöðumanns og fulltrúa. Meginmarkmið staðarins er að þjálfa fatlaða til starfa á almennum vinnumarkaði. Áhersla er lögð á stuðning við þá sem fara í almenn störf í samstarfi við atvinnuleit fatlaðra í viðkomandi sveitarfélagi og við verkstjórn fatlaðra. Iðjuþjálfi hefur umsjón með gerð og framkvæmd starfsþjálfunarinnar. Hann annast undirbúning og eftirfylgd starfsmanns í almennu starfi. Iðjuþjálfi annast einnig fræðslu og faglega ráðgjöf verkstjóra og starfsfólks í Örva.
Umsóknum skal skila til forstöðumanns Örva, Kársnesbraut 110, Kópavogi, sími 43277, sem einnig gefur allar nánari upplýsingar.

# *Blindrafélagið*

**SAMTÖK BLINDRA OG SJÓNSKERTRA Á ÍSLANDI**

Blindrafélagið Hamrahlíð 17, hefur áhuga á að ráða iðjuþjálfa, þar sem þörf fyrir slíka þjónustu er að verða brýn.
Ungt blint og sjónskert fólk þarf á aðstoð og þjálfun að halda við að undirbúa framtíð sína.
Nýblindir þurfa á þjálfun að halda við að lifa og starfa við þessar nýju aðstæður.
Margt eldra fólk verður sjónskert og þarf það að eiga kost á aðstoð bæði í sambandi við handavinnu og einnig sín daglegu störf.
Hjá Blindrafélaginu eru starfandi tveir verndaðir vinnustaðir, körfugerð og burstagerð. Væri mikil nauðsyn að iðjuþjálfi væri á staðnum til að undirbúa og þjálfa einstaklinga þannig að þeir verði færari um að starfa á þessum vinnustöðum.
Blindraráðgjafi gefur allar nánari upplýsingar í síma 687333.

# FRÉTTIR

FRÁ VINNUSTÖÐUM :

Borgarspítalinn : Guðrún Kr. Guðfinnsd. hóf störf í lok apríl s.l.

Landsspítalinn : geðdeild: Kristín Sigursveinsd. hóf störf 15. apríl s.l.
endurhæfingardeild: Ingibjörg Jónsd. hóf störf í febrúar s.l. B. Venrateswara Rao hóf störf í apríl s.l.
öldrunarlækningadeild: Birgit Schov hóf störf í febrúar s.l.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra : Helga Guðjónsd. hóf störf í maí s.l.

Reykjalundur : Kristjana Fenger var ráðin í 6 mánuði frá 1. mars, fyrst í sérverkefni og síðan í 3 mánuði í sumarafleysingar.
Um mánaðarmótin apríl/maí breyttust starfsheiti iðjuþjálfa í verkefnastjóri ll.
Hver verkefnastjóri hefur ákveðið svið og er tengiliður fyrir ákveðna deild.
Sviðin eru: Börn og hjartasjúklingar, lungnasjúklingar, baksjúklingar, gigtar- og ofþyngdarsjúklingar, miðtaugakerfissjúklingar og geðsjúklingar.
Starfshæfnimat og starfsþjálfun iðjuþjálfunar er nú í endurskoðun. Til að geta gert raunhæfa áætlun um umfang þessarar starfsemi í framtíðinni, hafa Kristjana Fenger og Guðrún Pálmadóttir tekið að sér að líta yfir þróunina á Reykjalundi síðasta áratuginn hvað varðar vistmannavinnu og komuástæður (sjúkdómsgreiningu) sjúklinga.
Verið er að endurskipuleggja grófverkstæði iðjuþjálfunardeildarinnar og lokið er gerð starfshæfnimats.

ANNAÐ :

Guðrún Arnadóttir hélt fyrirlestur um nýtt iðjuþjálfamat, A-ONE (Arnadottir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation), á ráðstefnu ameríska iðjuþjálfafélagsins AOTA.
Rannveig K. Baldursdóttir flutti fyrirlestur um meðferð lungnasjúklinga á Nordisk Seminar iðjuþjálfa í Danmörku í maí s.l.

# FÉLAGSSTARFSEMI

## BLAÐANEFND

Nefndarmenn hafa ákveðið að breyta út af venjunni og hafa næsta tölublað almenns eðlis og ef vel tekst til,þá ætlum við að hafa haust blaðið almenns eðlis áfram og vor blaðið í hefðbundnu formi.
Þegar við segjum almenns eðlis eigum við við, að félagsmenn leggi til efni í blaðið, svo sem, umsagnir um bækur og greinar, sem eru athyglisverðar fyrir félagsmenn, stutta pistla um fagleg námsskeið og ráðstefnur, ný meðferðarform sem tekin eru í notkun eða endurskoðuð, og þegar iðjuþjálfar hefja störf á nýjum vettvangi, svo eitthvað sé nefnt.
Við treystum á að félagsmenn taki sér nú penna í hönd og skrifi í blaðið.
Vinsamlegast látið okkur í blaðanefnd vita fyrir 10. september n.k. ef þið hafið efni í blaðið.

Einnig var ákveðið að vinnustaðirnir skiftist á að skrifa Nordisk Nytt, en röðin kemur ekki að Íslandi að skrifa Nordisk Nytt aftur fyrr en eftir u.þ.b. ár.

# STJÓRN

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna grundvöll fyrir stofnun iðjuþjálfadeildar við HÍ. Fyrir hönd félagsins eru Hope Knútsson og Guðrún Pálmadóttir. Í nefndinni verða einnig fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og Háskóla Íslands. Nefndin mun koma saman í sumar eða haust.

# KJARANEFND

Samningatækninámskeið BHMR var haldið dagana 29-30. nóvember 1987.
Þátttakendur frá okkar félagi voru Rósa Hauksdóttir, Bára Sigurðardóttir og Kristín Kristjánsdóttir.
Samninganámskeiðið gekk út á: tjáskipti í samningum. mismunandi samningahætti, samningatækni í samningaviðræðum, samningsrétt og ýmiss konar hópæfingar tengdar samningagerð.
Þetta námskeið var góður undirbúningur fyrir hvers konar samningagerð og vonandi verður framhald á.

# BÓKASAFNSNEFND

Bókasafnið er flutt á skrifstofu BHM, Lágmúla 7. Lykillinn að herberginu liggur frammi í afgreiðslunni. Einnig er hægt að fá lyklana hjá Elsu Ingimarsdóttur s: 675323 og Hope Knútsson s: 73734.
Eftirfarandi bæklinga og blöð í eigu félagsins vantar og félagsmenn vinsamlegast beðnir að skila til Elsu Ingimarsdóttur eða Guðrúnar Pálmadóttur.

- Adapted Clothing 1981, AOTA Practice Devision
- Head Injury 1981, AOTA Practice Devision
- Ergoterapeuten (Danmörk) 1,2,3,4,5,6,7,8,9,12,tbl 1981
- Ergoterapeuten " 3,7,11,12,14, tbl 1982
- Ergoterapeuten " 3 tbl 1983
- Ergoterapeuten " 16,17, tbl 1984
- Ergoterapeuten " 5 tbl 1985
- Ergoterapeuten (Noregur) 1,2,3,4,5,6,9 tbl 1983
- Ergoterapeuten " 3,8,9,11,12, tbl 1985
- Arbetsterapeuten (Svíþjóð) 17,18,19, tbl 1985
- Arbetsterapeuten " 3,17 tbl 1986

Nýr bókalisti er kominn á bókasafnið, 1988.

# FRÆÐSLUNEFND

Nýskipaðir nefndarmenn eru: Margrét Sigurðardóttir og Sigríður Jónsdóttir.

# Lausar stöður

| | |
|---|---|
| **Borgarspítalinn**<br>2 stöður Geðdeild<br>1 staða Arnarholt<br>1 - Dagdeild Eiríksg. (geðd.) | **Geðdeildir Lsp.**<br>8 stöður iðjuþjálfa |
| **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**<br>1 staða frá 1. okt. eða áramótum | **Breiðagerðisskóli**<br>1 - 20% staða deildariðjuþjálfa |
| **Styrktarf. lamaðra og fatlaðra**<br>1/2 staða e.h. | **Hlíðaskóli**<br>1 - 50% staða deildariðjuþjálfa |
| **Örvi í Kópavogi**<br>1 staða | **Dagvistun f. MS sjúkl. Álalandi 13**<br>Hlutastarf |
| **Meðferðarheimilið að Kleifarvegi**<br>1 staða | **Dalbraut**<br>1 staða Barnageðdeild |
| **Seljahlíð vistheimili f. aldraða**<br>1 staða | |

**Droplaugarstaðir**
1 - 70% staða

**Hrafnista**
1 staða

**Félagsmálastofnun**
Áfangastaður, Norðurbrún 34, Rvík.

**Tjaldanes**
1/2 - 1 staða

**Kópavogshæli**
2 stöður

**Iðjulundur Akureyri**
1 staða

**Heilsugæslustöðin á Egilsstöðum**
1/2 staða

**Fjórðungssj.h. Akureyri**
2 stöður Geðdeild
Alm. deild
1/2 - 1 staða Öldrunardeild

Auk þess hafa eftirtaldar stofnanir sýnt áhuga á að fá iðjuþjálfa til starfa: KRISTNESSPITALI
ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI
VINNU- OG DVALARHEIMILI SJÁLFSBJARGAR




# SKÁKAÐU ELLINNI OG MÁTAÐU STÓL

Hvíldu lúin bein í stól, sem er sérstaklega útbúinn handa þér. Sería 100 eru sérhönnuð húsgögn handa fólki, sem er tekið að lýjast og stirðna eða á við fötlun að stríða. Með sérstöku prufusetti er gengið úr skugga um hvers konar stóll hentar þér. Hverjum einstökum hluta stólsins má breyta eftir þínum þörfum — hæð, breidd, dýpt, örmum og baki.

**epal hf.**

SÍÐUMÚLA 20 SÍMAR 36677 OG 39922

HÚSGAGNAIÐJA

KR

HVOLSVELLI

SÍMI 99-8285

**Orðsending til félagsmanna:**

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna félaginu breytt heimilisfang/vinnustað, eða leiðrétta það ef rangt er með farið í blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

IÐJUÞÁLFAR Á ÍSLANDI í nóv. 1987:

| | | |
|---|---|---|
| Borgarspítalinn í Fossvogi, 108 Rvk. | | s. 696600 |
| Iðjuþjálfun B-1 | | s. 696369 |
| Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir | Eskihlíð 10 A<br>105 Reykjavík | s. 10287 |
| Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir | Skólabraut 53<br>170 Seltjarnarnes | s. 611058 |
| Lilja Ingvarsson | Einholti 11<br>105 Reykjavík | s. 11888 |
| Endurhæfingardeild, Grensás. | | s. 696712 |
| Guðrún Arnadóttir | Hvassaleiti 30<br>103 Reykajvík | s. 31086 |
| Elín Hannesdóttir | Reynimel 24<br>101 Reykjavík | s. 618238 |
| Lillý Sverrisdóttir | Ljósabergi 8<br>220 Hafnafjörður | s. 52485 |
| Sigrún Garðarsdóttir | Hjarðarhaga 42<br>107 Reykjavík | s. 13267 |
| Landspítalinn v/Eiríksgötu, 101 Rvk. | | s. 601000 |
| Geðdeild | | s. 601791/<br>601792 |
| Bára Sigurðardóttir | Veghúsastíg 1A<br>101 Reykjavík | s. 22037 |
| Elín Ebba Ásmundsdóttir | Laugavegi 53A<br>105 Reykjavík | s. 615683 |
| Hlín Guðjónsdóttir | Háaleitisbraut 38<br>108 Reykjavík | s. 39234 |
| Kristín Kristjánsdóttir | Seljavegi 27<br>101 Reykajvík | s. 23946 |
| Kristín Sigursveinsdóttir | Garðsenda 11<br>108 Reykjavík | |
| Maren Ósk Sveinbjörnsd. | Asparfelli 2<br>111 Reykjavík | s. 78824 |
| Sylviane L. Pétursson | Marargötu 4<br>101 Reykjavík | s. 28594 |
| Öldrunarlækningadeild | | s. 602257 |
| Birgit Schov | Eiríksgötu 29 | s. 602057 |

| | | |
|---|---|---|
| | 101 Reykjavík | |
| Rósa Hauksdóttir | Laufásvegi 60<br>101 Reykjavík | s. 13001 |
| **Endurhæfingardeild** | | s. 601427 |
| B. Venrateswara Rao | Eiríksgötu 29<br>101 Reykjavík | s. 602057 |
| Ingibjörg Jónsdóttir | Álfatúni 7<br>200 Kópavogur | s. 43773 |
| **STYRKTARFÉL. LAMAÐRA OG FATL.** | Háaleitisbr.11-13 | s. 84999 |
| Anna S. Jónsdóttir | Austurbergi 14<br>111 Reykjavík | s. 76564 |
| Elsa Ingimarsdóttir | Logafold 47<br>112 Reykjavík | s. 675323 |
| Gerður Gústavsdóttir | Gígjulundi 8<br>210 Garðabæ | s. 656711 |
| Helga Guðjónsdóttir | Nesvegi 48<br>107 Reykjavík | s. 17036 |
| Hrefna Óskarsdóttir | Njálsgötu 50<br>101 Reykjavík | s. 20987 |
| Sólveig A. Karlsdóttir | Rauðalæk 25<br>105 Reykjavík | s. 33642 |
| **VINNUHEIMILIÐ AÐ REYKJALUNDI,** | 270 Varmá | s.666200/102 |
| Guðrún Pálmadóttir | Áslandi 8<br>270 Varmá | s. 667117 |
| Hildur Þráinsdóttir | Neðribraut 6<br>270 Varmá | s.666200/170 |
| Ingibjörg Pétursdóttir | Fálkagötu 19<br>107 Reykjavík | s. 20027 |
| Kristjana Fenger | Barmahlíð 50<br>105 Reykjavík | s. 29715 |
| Margrét Sigurðardóttir | Sæviðarsundi 52<br>104 Reykjavík | s. 39288 |
| Rannveig Baldursdóttir | Suðurhólum 6<br>111 Reykjavík | s. 76796 |
| Sigríður Hermannsdóttir | Ægissíðu 52<br>107 Reykjavík | s. 20077 |
| Sigríður Jónsdóttir | Efstasundi 81<br>104 Reykjavík | s. 35229 |
| Sigríður Loftsdóttir | Reykjavíkurv. 29<br>101 Reykjavík | s. 621073 |
| **GIGTLÆKNINGASTÖÐ ÍSLANDS,** | Ármúla 5, 105 Rvk. | s. 30760 |
| Anna Sveinbjörnsdóttir | Bröttuhlíð 5<br>810 Hveragerði | s.99/4255 |
| í Rvk.: | Reynimel 80<br>107 Reykjavík | s. 20049 |
| Unnur Alfreðsdóttir | Vallargerði 14<br>200 Kópavogur | s. 41051 |

GREININGAR OG RÁÐGJ.STÖÐ RÍKISINS, Sæbr.1-2, Seltj.s. 611180

| | | |
|---|---|---|
| Snæfríður Þ. Egilson | Laugateigi 46<br>105 Reykajvík | s. 32735 |

HJÁLPARTÆKJABANKINN, Nóatúni 21, 105 Rvk. s.21333/21642

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Ingólfsdóttir | Laugarásvegi 17<br>104 Reykjavík | s. 30101 |

HLÍÐARBÆR, Flókagötu 53, 105 Rvk. s. 621722

| | | |
|---|---|---|
| Anne Grethe Hansen | Áslandi 12<br>270 Varmá | s. 667262 |

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS/GEÐHJÁLP

| | | |
|---|---|---|
| Hope Knútsson | Æsufelli 4, 2F<br>111 Reykjavík | s. 73734 |

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK s. 26240

| | | |
|---|---|---|
| Eiríka Sigurhannesdóttir | Dvergholti 7<br>270 Varmá | s. 667383 |

KLEPPSSPÍTALINN, 104 Rvk. s. 602600

MÚLABÆR, Ármúla 34, 108 Rvk. s. 687122

| | | |
|---|---|---|
| Peggy Helgason | Skildinganesi 22<br>101 Reykjavík | s. 623808 |

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS, Laugav.114,105 Rvk. s.19300/234

| | | |
|---|---|---|
| Björk Pálsdóttir | Stóragerði 12<br>108 Reykajvík | s. 687468 |

ÖRVI Í KÓPAVOGI s. 43277

| | | |
|---|---|---|
| Bjargey Ingólfsdóttir | Eskihlíð 18<br>105 Reykjavík | s. 20292 |

DVALARHEIMILIÐ HVAMMUR, Húsavík s.96/41333

| | | |
|---|---|---|
| Ólöf Leifsdóttir | Hrísateigi 2<br>Reykjahreppi<br>641 Húsavík | s.96/43928 |

SJÚKRAHÚS AKRANES, Heiðarbr. 30, 300 Akranes s.93/2311

| | | |
|---|---|---|
| Sigrún Ásmundsdóttir | Suðurgötu 78<br>300 Akranes | s.93/2723 |

STARFSD.NORÐURL.UMDÆMIS EYSTRA, Löngumýri 15,Ak. s.96/26780

| | | |
|---|---|---|
| Katla Kristvinsdóttir | Mýrarvegi 124<br>600 Akureyri | s.96/27032 |

<u>SVÆÐISSTJ. AUSTURLANDS, Vonarland, 700 Egilsst. s.97/1833</u>

| | | |
|---|---|---|
| Sigríður Þorvaldsdóttir | Miðgarði 4<br>700 Egilsstaðir | s.97/1554 |

<u>EKKI FASTRÁÐNIR IÐJUÞJÁLFAR:</u>

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Hafsteinsdóttir | Funafold 22<br>112 Reykajvík | s. 675328 |
| Jóna Kristófersdóttir | Kleppsvegi 120<br>104 Reykjavík | s. 34227 |
| Kristín Tómasdóttir | Hrafngilsstr. 22<br>600 Akureyri | s.96/21084 |
| Valrós Sigurbjörnsdóttir | Tómasarhaga 34<br>107 Reyakjvík | s. 13738 |

<u>ÍSLENSKIR IÐJUÞJÁLFAR ERLENDIS:</u>

| | |
|---|---|
| Anna G. Arnardóttir | Studiegången 13-041<br>416-81 Göteborg, <u>Sverige</u> |
| Björk Steingrímsdóttir | Fynsgade 2 a<br>8700 Horsens, <u>Danmark</u> |
| Elísabet Vernharðsdóttir | Älvdalsgatan 7,II<br>652-29 Karlstad. <u>Sverige</u> |
| Elsa S. Þorvaldsdóttir | Kongensgade 84<br>7000 Trondheim, <u>Norge</u> |
| Finnur Bárðarson | Centrala Arbetsterapien<br>Länssjukhuset,<br>301-85 Halmstad. <u>Sverige</u> |
| Guðrún Ársælsdóttir | Irisvej 20<br>8722 Hedensted. <u>Danmark</u> |
| Guðrún A. Einarsdóttir | Skovvejen 85 I<br>8000 Århus C, <u>Danmark</u> |
| Guðrún Emilsdóttir | Ernst Torulfsgatan 11 E<br>416-73 Göteborg, <u>Sverige</u> |
| Guðrún Stefánsdóttir | Rode Kruislaan 979<br>1111 ZW Diemen, <u>Holland</u> |
| Hallfríður Bjarnadóttir | Fredrekstangvej 27 B<br>4300 Sandnes, <u>Norge</u> |
| Hrafnhildur Arnkelsdóttir | Sandspåret 29<br>424-31 Angerred, <u>Sverige</u> |
| Jóhanna Erla Eiríksdóttir | Græshavevej 8 b<br>2730 Herlev, <u>Danmark</u> |
| Kolbrún Ragnarsdóttir | Ryesgade 31 B st.t.v.<br>2200 København N, <u>Danmark</u> |
| Sigurður Sigurðsson | Møgeltøndergade 8, Vesterbro<br>København, <u>Danmark</u> |
| Steinunn Jóhannsdóttir | c/o Tómasson<br>Landalagången 13<br>411-30 Göteborg, <u>Sverige</u> |
| Unnur Jóhannsdóttir | Fenrisgade 4, 1.th.<br>2200 København N, <u>Danmark</u> |
| Valborg H. Kristjánsdóttir | Nedre Møllenberget<br>7043 Trondheim, <u>Norge</u> |

| | |
|---|---|
| Viðar Óskarsson | Vigerslevvej 64<br>2500 Valby, Danmark |
| Þóra Gestsdóttir | Græshavevej 8 b<br>2730 Herlev, Danmark |

IÐJUÞJÁLFANEMAR:

Áætluð námlok 1988:

| | | |
|---|---|---|
| Jan. | Anna Valdimarsdóttir | Havsörnsgatan 103<br>55270 Jönköping, Sverige |
| ? | Anna Vilhjálmsdóttir | Grindtorpsvej 45, 5.hæð<br>1832 Täbee, Sverige |
| Júní | Ásta Guðjónsdóttir | 210 Carrie Lane B 206,<br>Redlands, CA. 92373, U.S.A. |
| Júní | Erna Magnúsdóttir | Øresundkollegiet<br>Dalslandsgade 8, K 203<br>2300 København S, Danmark |

Áætluð námslok 1989:

| | | |
|---|---|---|
| Jan. | Þóra Leósdóttir | Ergoterapeutskolen í Københ.<br>Lersø Parallé 38<br>2100 København Ø, Danmark |
| Jan. | Þórunn Þórarinsd. | Kännärsvägen 5, E 121<br>22246 Lund, Sverige |
| Mars | Guðbjörg D. Tryggvad. | Spobergvej 48<br>8220 Brabrand, Danmark |
| Mars | Rögnvaldur Símonarson | Rendsborggade 1, vær. 29<br>7000 Holstebro, Danmark |
| Júní | Annetta Ingimundard. | Øresundkollegiet<br>Dalslandsgade 8, F 703<br>2300 København S, Danmark |
| Júní | Krisjana Ólafsdóttir | Kløver Vägen 28<br>90249 Umeå, Sverige |
| Júní | Sigríður Pétursd. | Brogade 1, 1.t.h.<br>4700 Næstved, Danmark |

Áætluð námslok 1990:

| | | |
|---|---|---|
| Mars | Anna Ásmundsdóttir | Rektorparken 24, 2.t.v.<br>2450 København S.V., Danmark |
| Mars | Soffía Haraldsdóttir | Spobergvej 112<br>8220 Brabrand, Danmark |
| Júní | Hrönn Guðmundsdóttir | 1716 Alder Creek ct.<br>San Jose, CA. 95148, U.S.A. |
| Júní | Þórhildur Sveinsd. | Bosboom Tousarntstaat 36<br>1054 AT Amsterdam, Holland |

Áætluð námslok 1991:

| | | |
|---|---|---|
| Mars | Sigrún Ólafsdóttir | Børglum Kollegiet, v.6.49<br>Børglumvej 2, 8240 Risskov,<br>Århus, Danmark |

# ÞJÁIST ÞÚ AF...

**höfuðverk og augnþreytu þegar þú vinnur við tölvuna.**





*Þá ættir þú að reyna skjásíu frá XIDEX. Skjásían varnar glampa og gefur skarpari mynd. Þess vegna dregur hún úr höfuðverk og augnþreytu þeirra er vinna við tölvur.*

*XIDEX skjásíuna er hægt að nota við flestar gerðir af tölvum.*

*Fást hjá:*

*Skrifstofuvélum, Hverfisgötu 33, Reykjavík*
*Örtölvutækni sf., Ármúla 38, Reykjavík*
*Pennanum, Hallarmúla 2, Reykjavík*
*Griffli, Síðumúla 35, Reykjavík*
*Máli og menningu, Laugavegi 18, Reykjavík*
*Tölvutækni sf., Gránufélagsgötu 4, Akureyri*
*Bókaverzlun Jónasar Tómassonar, Hafnarstræti 2, Ísafirði*
*Bókabúð Keflavíkur, Sólvallagötu 2, Keflavík*

TÆKNI VAL

*Grensásvegi 7, Reykjavík. Símar 681665 og 686064*



## XTvi 2

GÆÐA DISKLINGAR

- VERIÐ ÖRUGG
- VELJIÐ XTvi 2 DISKLINGA
- YFIR 5 ÁRA REYNSLA

HJÁLPARTÆKJABANKINN

# Hvernig gengur þér

*að gera það sem áður var auðvelt, svo sem að fara í bað, klæðast, ganga, matast, standa upp af salerninu?*

# Ef þú átt í erfiðleikum

*með þessar athafnir, hafðu þá samband við okkur í Hjálpartækjabankanum. Við munum aðstoða þig við að velja réttu hjálpartækin.*

*Höfum ávallt fyrirliggjandi fjölbreytt úrval hjálpartækja.*

*Sími (91)-21333.*

HJÁLPARTÆKJABANKINN

*NÓATÚNI 21, SÍMI 2 13 33, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK*